

Reikningsskilaráð ríkisins

14. Fundur – 14. desember 2017 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 13. fundar samþykkt.
2. **Minnisblað frá Ríkisendurskoðun.** Farið yfir minnisblað Ríkisendurskoðunar til Fjársýslu ríkisins með afriti á reikningsskilaráð. Þar kom m.a. fram sú vangavelta að ekki þyrfti að lagabreytingu á LOF við gerð innleiðingu breyttra reikningsskila. Einnig var rætt að fjármálaráðuneytið myndi ekki koma með lagabreytingu á LOF vegna 52.gr. að þessu sinni.

Eftir umræður er niðurstaðan eftirfarandi bókun:

Samkvæmt 52. gr. LOF ber A-hluta aðilum að fylgja ársreikningalögum og ríkissjóður í heild stöðlum IPSAS. Þessi skipting var gerð í því skyni að einfalda áhrif reikningsskilabreytinganna hjá einstaka ríkisaðila í A-hluta en ekki var talið að það yrði hamlandi við innleiðingu IPSAS fyrir ríkissjóð í heild. Við innleiðingu á breyttum reikningsskilum hafa komið í ljós vandamál þar sem ársreikningalög heimila ekki tilvísun í IPSAS og hefur skapast af því óvissa og óhagræði.

Ljóst er að þörf er á breytingu vegna reikningsskila A-hluta aðila og liggur því beint við að ná fram breytingu á lögum um opinber fjármál. Fjármála- og efnahagsráðuneytið er sammála því að leita eftir slíkri breytingu en hefur í ljósi aðstæðna nú frestað þeirri breytingu og telur rétt að sameina hana öðrum breytingum á lögnum sem fyrirhugað er að leggja til á síðari stigum.

Undirbúningsvinnu við innleiðingu á þessum reikningsskilabreytingum hefur verið hagað í samræmi við heimildir og ákvæði IPSAS. Að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur verið gengið út frá því að þessari óvissu verði eytt og að inntak löggjafarinnar sé að alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fyrir opinbera aðila skuli gilda um túlkun álitafna varðandi reikningsskil A-hluta ríkisaðila. Þetta á til dæmis við um undirbúning að gerð stofnefnahagsreikninga og nýtingu á innleiðingartíma sem IPSAS heimilar.

Reikningsskilaráð mælir með því að þessari vinnu verði haldið áfram þrátt fyrir þessa frestun á lagabreytingunni, enda fáist um það fullvissa frá ráðuneytinu að umrædd breyting verði gerð.

Óskað er eftir að fjármála- og efnahagsráðuneytið kynni reikningsskilaráði sem fyrst hvernig það hyggt fylgja þessu máli eftir.

3. **Þingsályktun um stofnefnahagsreikning.** Farið var yfir drög að þingsályktun um stofnefnahagsreikning ríkissjóðs í heild og einstaka ríkisaðila í A-hluta sem lögð verður fyrir ríkisstjórn og Alþingi á næstu dögum. Almennt var talið að drögin að þingsályktunartillögu væru vel fram sett en þó kom fram ábending um að mótbókun á áfallinni orlofsskuldbindingu þarfnist sérstakrar skoðunar og ákvörðunar í stofnefnahagsreikningi.

4. **Fjárfestingar í fjárlögum, niðurstaða.** Farið var yfir niðurstöður verkefnisstjórnar innleiðingar LOF um meðhöndlun fjárfestinga í fjárlögum. Verkefnisstjórn ákvað nýverið að allar fjárfestingar skuli flokkaðar undir fjárfestingarframlag í framsetningu fjárlaga. Skoða þarf framsetningu fjárlaga 2017 og 2018 sérstaklega í þessu tilliti en þar hafa svokallaðar rekstrarfjárfestingar verið innifaldar í framlagi til rekstrar.

5. **Tímalína innleiðingar, kynning.**

Farið var yfir tímalínu á innleiðingarátætlun og kom þar m.a. fram:

- Samkvæmt drögum að þingsályktunartillögu um stofnefnahag er lagt upp með að fjármála- og efnahagsráðuneyti leggi fram innleiðingarátætlun sem verði yfirfarin og samþykkt af reikningsskilaráði.
- Við innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila er miðað við að setja fram stofnefnahagsreikning í byrjun innleiðingartíma 1.1.2017. og heimilt að innleiða og uppfæra þann stofnefnahagsreikning á allt að þremur árum.
- Innleiðingarátætlun snýr fyrst og fremst að meðhöndlun eigna og skulda sem hafa staðið utan efnahagsreiknings í fyrri reikningsskilum eða verða meðhöndluð með öðrum hætti samkvæmt IPSAS.
- Staða verksins er þannig að stofnefnahagsreikningar ríkisaðila liggja að mestu leyti fyrir og tilbúnir til útsendingar til forstöðumanna. Þá er unnið að stofnefnahagsreikningi fyrir ríkissjóð (99100) og er byrjað að ræða ýmis álitamál sem þar koma upp.
- Tímalína innleiðingar verður á dagskrá reikningsskilaráðs á næstu fundum ráðsins. Gert er ráð fyrir að reikningsskilaráð samþykki innleiðingarátætlun fyrir mitt ár 2018.

6. **Önnur mál.**

Rætt mikilvægi þess að fundarmenn fái gögn sem taka á fyrir á fundum tímanlega, einnig að erindi sem berast og eru stíluð á ráðið séu send ráðsmönnum eins fljótt og hægt er.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 17.janúar 2018. Ef upp koma atriði sem reikningsskilaráð þarf að taka fyrir á milli funda, þá eru ráðsmenn tilbúnir að afgreiða þau á milli funda með töluvupósti.

Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30